

Suðureyri 19. október 2018

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Efni: Staðsetning á útihreystitækjum á Suðureyri.

Íþróttafélagið Stefnir á Suðureyri og Ísafjarðarbær fyrirhuga að gera samning um uppbyggingu á útihreystitækjum á Suðureyri. Íþróttafélagið hefur nú þegar keypt tækin en staðsetning á tækjunum liggur þó ekki fyrir. Stjórn Stefnis telur mikilvægt að vandað sé að staðsetningu tækjanna með það í huga að það auki líkurnar á því að þau verði notuð. Besti kostur að staðsetningu er að okkar mati nálægð við göngustíga, íþróttahúsið og grunnskólann.

Verkfræðistofan Verkís vann fyrir okkur grófa teikningu að staðsetningu tækjanna og gerði tillögu að fjórum staðsetningum í nálægð við grunnskólann og íþróttahúsið. Sjá fylgiskjal með teikningu.

1. Fyrir aftan Grunnskólann.
2. Meðfram veginum hjá kirkjugarðinum.
3. Við endann á sundlauginni.
4. Svæðið milli tjarnarinnar og Túngötu 10.

Tillaga tvö hljómar spennandi að okkar mati, en er þá háð því að ákveðið verði að gera götuna að vistgötu eða göngustíg. En þar sem ekki lítur út fyrir að tekin verði afstaða til skipulags við tjörnina í nánustu framtíð teljum við það ekki góðan kost að setja niður tækin við hliðina á veginum.

Íþróttafélagið Stefnir óskar því eftir því að fá leyfi til þess að setja tækin niður á svæðinu á milli Tjarnarinnar og Túngötu 10. Athugið að áætlað er að hafa þau nær tjörninni en sýnt er á teikningu.

Jafnframt óskar félagið eftir því, að ef farið verði í skipulagsvinnu á svæðinu í kringum tjörnina, Grunnskólann og kirkjuna að þá verði staðsetning tækjanna höfð í huga varðandi tengingu við göngustíga. Félagið er til í að koma að þeirri vinnu sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Svava Rán Valgeirsdóttir

Formaður Íþróttafélagsins Stefnis